

Nr. 102 / 12 Sóley SH 124***Skipverji slasast við hífingar***

Skipaskr.nr. 1674
Smíðaður: Seyðisfirði 1985, stál
Stærð: 144,2 brl. 201 bt.
Mesta lengd: 25,99 m Skráð lengd: 23,33 m
Breidd: 7 m Dýpt: 5,7 m
Vél: Caterpillar 416 kW 1984
Fjöldi skipverja: 8



Sóley ©Hilmar Snorrason

Gögn:
Lögregluskýrsla
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 14. febrúar 2014 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni og Hilmar Snorrason. Pálmi K. Jónsson tók þátt í afgreiðslu á drögum skýrslunnar.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 18. maí 2013 var Sóley SH 124 á togveiðum á Breiðafjarðarmiðum. Veður: SSA 10-12 m/s og lítill sjór.

Þegar verið var að taka trollið stóðu tveir skipverjar í bakborðs trollþilfarsgangi þegar grandaravír slóst upp fyrir skutrennulunningu og inn í ganginn. Grandarvírinn stoppaði á togblökkinni og lenti í andliti skipverja sem stóð nálægt lunningunni.

Við rannsókn kom fram:

- að slasaði taldi sig vera öruggan þar sem hann stóð enda hafi það verið venja að bíða þar eftir trollinu. Hann sagðist ekki hafa rekið höfuðið sérstaklega fram að lunningu enda hefði þá líklega farið verr;
- að fram kom hjá slasaða að búið væri að koma fyrir slá (vörn) upp af lunningunni svo grandarinn geti ekki komið inn yfir ganginn. (*sjá mál. 098/12*)

Nefndarálit:

Orsök slyssins var að skipverji gerði sér ekki grein fyrir að hann stóð á hættusvæði.